



Stykkishólmur

Bærinn við eyjarnar




Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022

Breyting á aðalskipulagi
vegna lóðarinnar Austurgata 7

Greinargerð

Febrúar 2015

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 18. mars 2015
Málnr.
201408039

J.B.


Aðragandi Tyrnugaorar þreytingar á aðalskipulagi er sá að 1 mars 2014, sotti kaposka kirkjan á Íslandi um leyfi hjá byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar til þess að innrétta fræðasetur með gisti-, veitinga- og ráðstefnuþjónustu í húsnæði sínu við Austurgötu 7 í Stykkishólmi. Fyrir lá samþykki Fasteigna ríkissjóðs sem meðeiganda lóðarinnar. Að höfðu samráði við Skipulagsstofnun var ljóst að slík breyting á starfsemi á lóðinni myndi ekki rúmast innan heimilda gildandi aðalskipulags Stykkishólms.

1.2 Skipulagssvæðið og landnotkun

Skipulagsbreytingin takmarkast við lóðina Austurgötu 7. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem "svæði fyrir þjónustustofnanir". Í greinargerð segir um svæðið á bls 17: "Núverandi þjónustustofnanir eru við Austurgötu: sjúkrahús, heilsugæsla og leikskóli;" Á lóðinni eru skráðar eftirtaldar byggingar hjá Fasteignaskrá: Gamla sjúkrahúsið, klaustur, hýbýli systra, kapella, leikskóli, systraheimili og nýja sjúkrahúsið.

Á síðustu árum hafa nokkrar breytingar orðið á starfsemi á lóðinni; leikskólinn er farinn og umfang heilsugæslu hefur minnkað. Prestahús, kapella og systraheimili eru óbreytt.

Myndin hér að neðan er úr staðfestu aðalskipulagi – rammi er dreginn utan um lóðina Austurgata 7.



St. J. S.

2 Aðalskipulagsbreyting - greinargerð

2.1. Stefna sveitarfélagsins fyrir lóðina Austurgata 7

Stykkishólmsbær vill skapa ný atvinnutækifæri og efla fjölbreytta ferðaþjónustu í bænum. Liður í því er að útvíkka landnýtingarheimild á lóðinni Austurgata 7 sem er skilgreind "svæði fyrir þjónustustofnanir".

Byggingar Kapólsku kirkjunnar á lóðinni eru byggðar á árunum 1935-1976, en þá reistu Fransiskusystur sér klaustur, prentsmiðju og kirkju á lóðinni. Þær byggðu síðar spítala og leikskóla og ráku árum saman og settu mikinn svip á bæinn. Á síðustu árum hefur starfsemi í byggingum kirkjunnar á lóðinni breyst. Nú er áformað að breyta gamla leikskólanum og hluta systraheimilis í fræðslusetur með gistiheimili og veitingaaðstöðu.

2.2 Landnotkun

Ríkjandi landnotkun á svæðinu er og verður áfram "svæði fyrir þjónustustofnanir" og því haldast skipulagsuppdrættir óbreyttir. Einnig verður heimiluð á lóðinni þjónusta sem tilheyrir landnýtingarflokknum verslun og þjónusta sbr. lýsingu hér að neðan:

Heimilt verður að starfrækja ráðstefnu-, gisti- og veitingaþjónustu á lóðinni.

2.3 Aðkoma

Aðkoma akandi umferðar að byggingum á lóðinni er frá Austurgötu og norðan við byggingar Heilbrigðisstofnunarinnar.

2.4 Bílastæði

Heimilað verður að gera nýtt bílastæði vestan við byggingar kirkjunnar með stæðum fyrir allt að 15 bíla. Aðkoma að stæðinu verður frá Austurgötu.

Heimilt er að gera rútustæði á lóð.

Tryggja skal næg bílastæði fyrir fatlaða með tilheyrandi aðkomuleiðum að byggingum.

6 Tímaferli aðalskipulagsbreytingar / tímaáætlun

Hér að neðan er yfirlit yfir þá þætti skipulagsbreytingarinnar sem er lokið og líklegt framhald:

- Maí 2014 Vinna við gerð skipulagslýsingar hefst að höfðu samráði skipulagsráðgjafa við Skipulagsstofnun.
- Ágúst 2014 Bæjarstjórn sendi lýsingu á verkefninu til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila. Lýsingin var auglýst frá 30. júlí – 13. ágúst, tvær athugasemdir bárust. Skipulagsstofnun gerir hvorki athugasemdir við lýsingu á skipulagsverkefninu ná áherslur í umhverfismati.
- Sept. 2014 Skipulagsráðgjafar vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og setja fram í greinargerð með umhverfismati. Aðalskipulagsuppráttur breytist ekki.
- Sept. 2014 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt í bæjarstjórn og send Skipulagsstofnun til athugunar.
- Des. 2014 Bæjarstjórn auglýsir tillögu að breyttu aðalskipulagi. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur.
- Feb. 2015 Tillaga tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða auglýst.
- Mars. 2015 Samþykkt tillaga send Skipulagsstofnun.
- Mars. 2015 Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 26.02.2015.



Steinunn Þórunn

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. mars 2015

Asbjörn Halldórsson

Þorunn Þórunn

